

DV

Menning



Úr myndasögu Porra Hringssonar, „Teddy Transformer“, 1992.

# Vél í myndinni

– sýning á myndasögum á Kjarvalsstöðum

## Færibandið

Með iðnbyltingunni á miðri síðustu öld og móderniseringu vestrænnar menningar var þess ekki langt að biða að myndin yrði vélvædd og grundvöllur eiginlegs myndiðnaðar yrði til. Og á undanförunum áratugum hefur magn mynda aukist að því marki að við gætum álitð að iðnbyltingin hefði umhverfst í myndbyltingu. Og þessi niðurstaða er ekki bara orðaleikur því nú er talað um það af síaukinni alvöru að myndgeringin sé orðin raunverulegri og á sinn hátt sannari heldur en „veruleikinn“ sjálfur. Við lifum á öld eftirlíkinganna, gervanna og tálsýnanna. Við leiðum helst hugann að þessum vanda þegar á okkur hallar í daglegri viðureign við fjölmiðlana, einkum sjónvarp og dagblöð. En sjálfmynd okkar væri samt vafalaust í mol-um ef við gætum ekki speglað okkur reglulega í töfraspægli þeirra. Samfara því að mótur er settur í myndina öðlast hún líka hraðann ásamt tilvistardepurðinni sem fylgir því að hverfuleiki þeirra er kominn á margfaldan hraða. Með öðrum orðum; við sjáum sífellt fleiri myndir í sífellt skemmri tíma. Um þær mundir þegar myndin var sett á færibandið varð myndasagan til. Eitt af helstu einkennum hefðbundinnar myndasögu er röð af römmum þar sem einn atburðurinn tekur við af öðrum þar til sagan er búin. Umgjörð myndasögunnar er sem sagt táknræn eftirmynd af færibandi.

Hlutur á færibandi hefur aldrei notið yfirlegru. Hlut á færibandi á ekki að skoða lengi; enda hugsaður sem eins konar mótefni við tilteknum neyslúvörusum

## Myndlist

Hannes Lárusson

markhópsins sem við öll erum hluti af. Ekki er ætlast til að hver rammi myndasögu sé krufinn til mergjar því alltaf bíður annar rammi sem kallar á athygli. Myndasagan er því listform hraðans, fjölföldunarinnar: afkvæmi múgmennningar sem leikur við hvern sinn fingur í spennitreyju fjölmiðlanna. Það er einmitt styrkur hennar og einkenni og um leið menningarlegt mikilvægi að myndasögur verða, vegna fjöldans, sífellt að glíma við þetta almenna og sameiginlega. Þannig eru nær öll myndræn vandamál einungis leyst að því marki að það henti þessum markmiðum. Skapandi afl þess sem „allir skilja“ er einmitt ein frjóasta uppspretta allrar listsköpunar um þessar mundir.

## Tepruskapur og óstýrilæti

Nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning á verkum eftir franska og íslenska myndasagnagerðarmenn. Það eru einkum aðstandendur fyrsta íslenska myndasögu-blaðsins GISP! auk úrvals af frönskum starfsbræðrum sem eiga verk á sýningunni. Í sýningarskránni er heilmikil varnarræða um tilverurétt myndasögunnar sem listforms eftir Maurice Horn. En honum virðist í rauninni einfaldlega yfirgjást að um þessar mundir þurfa ýmsir aðrir myndmiðlar miklu frekar varnar við heldur en myndasagan. Hann bendir þó á sem lykileinkenni að ætlast er til að hún sé bæði skoðuð og lesin í senn. Þetta gerir það að verkum að blaðsíða, sem hefur verið rifin út úr myndasöguþöku/blaði, römmuð inn og hengd upp á vegg, líður augljóslega fyrir það að vera hvorki mynd né texti en háð hvorutveggja. Þrátt fyrir allt vill borgarinn fá sem flest heim í sjónvarps/dagblaðsstólinn og þá líka myndasöguþlaðið sitt. Hins vegar er yfir sýningunni ruglingslegur frískleiki. Þetta er skýr andstæða við þá upphafningu og uppgjör sem er gjarnan fylgífiskur venjulegrar myndlistar. Þó grunar mig að sýningin hristi ekki upp í listunnandanum á við það hvað hún þreytir hann með

ofhlæði. Í þreytumókinu rennur það kannski upp fyrir honum að heimurinn, sem hann lifir í, er smám saman að umhverfast í eina „óskrandi“ mynd sem allir eru að búa til en enginn þó.

Við nánari skoðun á verkum útendinganna kemur í ljós að þessi fransk-belgíski tepruskapur, sem næstum verðskuldar að vera kallaður stíll, svífur oftast yfir vötnunum. Á bak við eyrun hafa þeir líka flestir myndræn brögð allt frá tímum endurreisnarinnar. Markhópur þessara verka virðist helst vera einkennileg og torræð blanda af unglíngum og menntamönnum.

Íslendingarnir eru óstýrilátari í alls konar þreifingum og ákafri leit að eigin stíl sem gerir verk þeirra um leið „myndlistarlegri“. Og trúlega ekki útséð um hvort nokkur þeirra á eftir að eyða aðalhröftum sínum í að plægja íslenskan myndasöguakur. En ef til vill hafa þeir sem hafa ært aldamótakynslóðina æðrulausu í orða-, mynda- og athafnaflumi loksins alið af sér fyrstu kynslóðina sem er að ná áttum í öllu myndarglíngu og er að byrja að læra að kveða myndrimur.

## Kaboom!

Myndasagan er rímur okkar tíma. Á miðöldum þekktu Íslendingar vel þá list að segja sögu með röðum af myndum, nægir hér að nefna reifilformið. Á öldunum sem á eftir komu hrakaði svo forsendum til myndgerðar að þær hurfu allar inn í textann. Fyrrum, í algleyms sveitasamfélagsins, höfðum við rímurnar sem uppfylltu nokkurn veginn sömu þarfir og myndasagan gerir í dag; endalausar sögur sem allir eiga að þekkja og skilja. Formrænt einkenni á rímunum er að eitt stutt og formfast erindi tekur sífellt við af öðru svo úr verða geysilegir bálkar. En þær eru jafnan færðar í stíllinn af dæmalausri íþrótt og atburðarásin, eins og í myndasögunni, í senn leifrandi, meitluð og sjónræn. Það væru engar ýkjur að segja að rímna-skáldin hafi ort eins og á færibandi. Í upphafi 3. Númera-rímu dregur Sigurður Breiðfjörð upp þessar myndir:

– Hjótt er allt í auðu landi,  
ungbörn smá og menn í kór  
eiga kalt í aumu standi,  
ekkjur þrá sín misstu kjör.

Ei er hreinum hjörðum settur  
hagi firrður blóma sá,  
á akrinum arfi sprettur,  
enginn hirðir kornin smá.

Ekkjan kveinar, angur vefur,  
augu varla fær hún þur,  
soninn eina hennar hefur  
í herinn kallað Rómulur.

Svona voru teiknimyndasögur hins íslenska sveitasamfélags.

Í dag er Guðmundur Guðmundsson helsta (mynd)rímna-skáld okkar Íslendinga. Í hausnum á honum hringnúast líka allir „bragarhættirnir“ og hann getur auðvitað fært allt myndefni í stíllinn. Þess vegna er ekki að furða þó hann sé orðinn svo ruglaður í ríminu að á endanum standi ekki nema ein saga upp úr öllu myndabullinu: nefnilega sagan um Íslendinginn sem fór til útlanda og kom aftur heim til að hrópa: SJÁID! SJÁID! KOBOOM! PUFF! BANG! GISP! Erró er myndgeringur færibandsins í íslenskrí myndlist.

En af hverju hef ég ekki í þessu sambandi minnst einu orði á Walt Disney, áhrifamesta myndgerðarmann þessara aldar. Það er af því að Andrés önd og félagar eru fyrir löngu búnir að öðlast sjálfstætt líf. Þess vegna gætum við búist við því innan skamms að fá svohljóðandi boðskort frá Kjarvalsstöðum: Yður er hér með boðið að vera við opnun á sýningu á verkum eftir alþjóðlega listamanninn Andrés önd og þiggja veitingar (Coke og milkshake), jafnframt munu Þórarinn Eldjárn og Hamrahlíðarkórinn flytja Disneyrímur.



...alltaf til að tryggja atvinnu

# SONY

EIGUM MIKIÐ ÚRVAL FERÐA-GEISLASPILARA



LAUSNARORÐ NR. 6  
GEISLASPILARI

# JAPISO

BRAUTARHOLTÍ & KRINGLUNNI



Þá skaltu kynna þér ódýru Úrvalsbækurnar

á næsta sölustað eða hringdu og fáðu bæklinginn okkar í pósti

# ÚRVALSBÆKUR

Sími 63 27 00